

# STJÓRNARTÍÐINDI B 18 – 1995

---

13. febrúar 1995

235

Nr. 104

## GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu fyrir Seltjarnarnes.

1. gr.

Bæjarstjórn Seltjarnarness er heimilt að leggja á árlegt sorpuhirðugjald.

2. gr.

Gjaldið er kr. 4.000 ár hvert, miðað við einn poka á viku á hvern stað sem hreinsað er frá og er innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Seltjarnarness, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytið, 13. febrúar 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

16. febrúar 1995

Nr. 105

## AUGLÝSING

um staðfestingu á söluumboðseyðublaði Félags fasteignasala.

Hér með staðfestir ráðuneytið samkvæmt 3. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 520/1987, sbr. 9. gr. laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986 sbr. lög nr. 10/1987, nýtt eyðublað fyrir söluumboð sem Félag fasteignasala hefur látið gera og birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing sama efnis nr. 492/1991.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. febrúar 1995.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

Jón Thors.

Gutenberg

## Fylgiskjal.

## SÖLUUMBOÐ

Félag fasteignasala, eyðublað nr. 1.0 staðfest af dómsmálaráðuneytinu skv. ákvæðum 9. gr. laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 520/1987	
Undirrit _____ veitir hér með  umboð til að annast sölu eignarinnar	
Eigandi Kennitala	Þinglýstur eigandi/Umboðsmaður  _____ Kennitala _____
Eigandi/Maki Kennitala	
Sími H.: _____ Sími V.: _____	

Umboð þetta nær til þess að leita eftir tilboðum í eignina, semja kaupsamning, skuldabréf, afsal og aðra þá löggeringna sem tengjast sölu eignarinnar. Um samskipti aðila, framkvæmd og tilhögun starfa fasteignasalans og um leiðgöngu kostnaðar, skal fara sem hér að neðan greinir.

## TILHÖGUN SÖLU, SÖLUBÓKNUN

Eignin er sett í einkasölu

Eigandi eignar í einkasölu skuldbindur sig til þess að bjóða eignina aðeins til sölu hjá einum fasteignasala og á hann rétt til umsaminnar sölubóknunar úr hendi seljanda jafnvel þótt eignin sé seld annars staðar. Einkasala á einnig við þegar eignin er boðin fram í makaskiptum

Sölubóknun skal vera \_\_\_\_\_ % af söluverði eignarinnar er greiðist við undirritun kaupsamnings auk virðisaukaskatts.

Eignin er sett í almenna sölu

Eign í almennri sölu má bjóða til sölu hjá fleiri fasteignasölum en einum. Sölubóknun greiðist þeim fasteignasala sem selur eignina.

## AUGLÝSINGAR

- Fasteignasali auglýsir á sinn kostnað einu sinni á venjulegan hátt í eindálki, og síðan á sama hátt á kostnað eiganda .....
- Eignin skal auglýst á kostnað eiganda með sérauglýsingum sem hér segir .....
- Eignin skal ekki auglýst.

Venjuleg auglýsing í eindálki er 1,5 - 2,0 dálksentimetrar. Eigandi eignar skal greiða fasteignasala útlagðan auglýsingakostnað mánaðarlega samkv. gjaldskrá dagblaðs hverju sinni.

## GILDISTÍMI

Frá undirritun gildir umboðið: \_\_\_\_\_ daga  þar til eignin er seld  
Umboðið er uppsejnanlegt af beggja hálfu með 30 daga fyrirvara. Uppsögnin skal vera skrifleg og gerð á samnanlegan hátt.

## GREIÐSLUSTADUR KAUPVERÐS

Greiðslustadur kaupverðs verður.....

## ÖFLUN UPPLÝSINGA VEGNA GERÐAR SÖLUVIRLITS UM EIGNINA SBR. 10 GR. L. NR. 34/1986, SBR. LÖG NR. 10/1987.

Eigandi eignar skal, innan 5 daga frá undirritun söluumboðs þessa, afla sölugagna þeirra sem greinir á meðfylgjandi lista. Ella er fasteignasala heimilt að afla þeirra, svo og upplýsinga um stöðu áhvilandi veðskulda hjá skuldareigendum eða innheimtuáðilum skulda, reynist það nauðsynlegt, allt á kostnað eiganda eignar.

Allar breytingar á söluumboði þessu skulu gerðar skriflega. Fasteignasali lýsir því yfir að hann tekur að sér sölu eignarinnar samkvæmt söluumboði þessu og lýsir því yfir að hann mun rækja stór sín af alúð og samvirkusemi og í samræmi við ákvæði laga nr. 34/1986.

Skoðunargjald kr. \_\_\_\_\_ með virðisaukaskatti er greitt með \_\_\_\_\_ og skal dregið frá sölubóknun ef af sölu verður.

**Það athugið að öll þjónusta fasteignasala er virðisaukaskattskyld.**

Til staðfestu framanrituðu rita aðilar nöfn sín hér undir.

_____	_____
Eigandi/Umboðsmaður	Staður og dagsetning
_____	_____
Samþykki maka	Fasteignasali/Umboðsmaður fasteignasala